

Morgunblaðið sunnudaginn 20. júlí, 2008 - Aðsent efni (bls. 35).

## Skátar, fjölmening, gildi og trú

### Pétur Björgvin Þorsteinsson skrifar um skátastarfið

Pétur Björgvin Þorsteinsson skrifar um skátastarfið: "Á landsmóti skáta verður starfrækt svokallað Kyrrðartjald sem er smækkuð útgáfa af því sem kallað er á alþjóðamótum skáta „Faith and belief zone.“"



Virðing og umburðarlyndi eru meðal þeirra þátta sem einkenna gott skátastarf. Baden Powell, stofnandi skátahreyfingarinnar, lagði frá upphafi ríka áherslu á að skátinn nýtti sér tækifærin sem felast í skátastarfinu til að uppgötva fegurðina í hinu framanði. Í ræðu sem hann hélt á fjölþjóðlegu skátamóti 1929 sagði hann meðal annars við skátaforingjana sem þangað voru mættir með skátana sína: „Við ættum að hvetja þá [skátana] til að nýta hverja mínútu af þessum stutta tíma til að efla kynnin og leyfa kunningskap að vaxa í vináttu við bræður og systur, skáta, framtíðarfjölskyldu þeirra í þessum heimi. Þannig getur skátinn axlað nýja ábyrgð þegar hann heldur heim af mótinu, ábyrgð þess sem kemur með boðskap í sitt heimasamfélag um frið og jákvætt hugarfar í garð annarra.“

Frá 22. til 29. júlí nk. flykkjast íslenskir skátar ásamt skátum frá Bretlandi, Bandaríkjunum, Skotlandi, Wales og öllum Norðurlöndunum á landsmót skáta sem að þessu sinni ber yfirskriftina „Á víkingaslóð“ og verður haldið að Hömrum á Akureyri. Fyrir skátann verður þetta landsmót eins og önnur skátamót kjörið tækifæri til að efla þá vináttu sem fyrir er um leið og stofnað er til nýrra kynna og vinátta fæðist og ný lönd opnast fyrir hugum og hjörtum þátttakenda.

Þegar rúmlega 400 íslenskir skátar ásamt 40 þúsund öðrum skátum frá öllum heimshornum sóttu alheimsmót skáta sem haldið var á síðasta ári við Chelmsford um 60 mílur norðaustur af London upplifðu þeir sig í því fjölmenningslega umhverfi sem alþjóðlegt skátastarf er. Þannig mátti til dæmis sjá tjöld skáta frá Saudí-Arabíu, Tékklandi og Kína við hlið aðaltjaldbúðar íslensku skátanna. Yfirskrift mótsins var „Einn heimur, eitt heiti“ og var þar með vísað til þess að skátaheitið er eitt af því sem skátar eiga sameiginlegt, sama úr hvaða menningarheimi og trúarbakgrunni þeir koma. Eins og yfirleitt á skátamótum var fjölbreytnin í fyrirrúmi og er mjög gaman að hlusta á lýsingar íslensku skátanna sem voru viðstaddir athöfn sem fram fór á mótinu þar sem þessi fjölbreytti skátahópur fór með skátaheitið í kór, hver á sínu tungumáli og með þeim orðum sem ríma við þeirra menningu og trú.

Í dagskrá alheimsmótsins mátti finna margskonar tilboð sem fóru fram á dagskrártorgi sem bar heitið „Faith and belief zone“ en þar voru eins og nafnið ber með sér ýmis dagskrártilboð sem tengdust lífsskoðunum og trú. Auk þess var sérstakt kyrrðarsvæði á hverju tjaldbúðartorgi. Þessi dagskrártilboð undirstrikuðu mörg hver að skátastarf felur andlega viðleitni í sér og birtist hún gjarnan í því að skátastarf snýst ekki aðeins um að rannsaka áður ótroðnar slóðir um fjöll og firnindi, heldur einnig það að kanna hið ósýnilega og má benda á fræðslufni fyrir skátastarf sem ber heitið „Explorers of the invisible“ í þessu samhengi.

Trúarlega þjónustan á alheimsmótinu í „Faith and belief zone“ var ekki ný af nálinni. Frá upphafi skátastarfs hefur verið lagt mikið upp úr því að skátar, óháð menningarlegum og trúarlegum bakgrunni, geti unnið saman í sátt og samlyndi. Um leið er trú og lífssýn einstaklinganna tekin alvarlega og birtist það til dæmis á alheimsmóti í þeim starfsreglum sem starfsfólk trúarlegu þjónustunnar setti sér. Þar var meðal annars lögð rík áhersla á frelsi einstaklingsins, heiðarleika, næmi, kurteisi, það að virða réttinn til að vera ósammála og að lífssýn, trú eða trúarbrögð væru ekki kynnt af öðrum en þeim sem kæmu úr viðkomandi menningar- eða trúarheimi.

Skátastarf á Íslandi hefur tekið breytingum hin síðari ár í takt við þær þjóðfélagsbreytingar sem hér hafa átt sér stað sem og út frá þeirri umræðu sem farið hefur fram á alþjóðavettvangi um skátastarf. Einn ávöxtur alþjóðlegs samstarfs og samtals er trúarleg þjónusta á landsmóti skáta. Landsmótið í ár er fimmta landsmótið í röð þar sem trúartengd dagskrá einkennist meira af fjölbreyttum tilboðum og minna af einhliða helgistundum sem eru ætlaðar öllum.

Á landsmóti nú verður starfrækt svokallað Kyrrðartjald sem er smækkuð útgáfa af því sem kallað er á alþjóðamótum „Faith and belief zone“. Dagskráin er fjölbreytt, boðið er upp á þvertrúarlegar stundir sem og helgistundir á vegum einstakra trúfélaga og má nefna sem dæmi að kaþólska kirkjan verður með messu á sunnudagsmorgninum og að Ásatrúarfélagið verður með dagskrá í kyrrðartjaldinu á föstudeginum. Auk þess er tjaldið opið öllum alla daga. Á síðustu landsmótum hefur verið vinsælt hjá ungum sem eldri mótsgestum að setjast niður í tjaldinu, kveikja á kerti eða skrifa jákvæð skilaboð eða bænir á miða og hengja upp á vegg vonarinnar.

Höfundur er djákni í Gleráarkirkju.